

## Erindisbrjef

ráðsmanns holdsveikraspítalans í Laugarnesi.

1. gr.

Ráðsmaðurinn sjer um að þjónustufólk spítalans og hinir holdsveiku ræki skyldur sínar og hlýði heimilisbodoðum spítalans.

2. gr.

Hann ræður vinnumenn spítalans og segir þeim upp.

3. gr.

Hann sjer um viðhald á spítalahúsinu og öllum innanhúsmunum.

4. gr.

Hann útvegar og kaupir alt það, sem spítalinn hefir þörf á.

5. gr.

Hann útvegar hinum holdsveiku, þeim er unnið geta, hæfilega vinnu, safnar arðinum af vinnunni, og útbýtir honum samkvæmt reglugjörð spítalans.

6. gr.

Hann tekur til geymslu peninga og aðra þá muni, sem holdsveikir menn hafa meðferðis, er þeir koma á spítalann, ef þeir æskja þess eða nauðsyn krefur.

7. gr.

Hann fylgir læknum á morgnana í húsvitjun hans, semur þá matskrá næsta dags, eptir fyrirmælum læknis, og afhendir hana undirskrifada af læknum ráðskonunni fyrir miðaftan. Næsta dag afhendir ráðskonan ráðsmanni aptur matskrána með nafni sínu á, og fer hún svo til gjaldkera.

8. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert semur hann í samráðum við læknum inn rökstudda sundurliðada áætlun um væntanlegar tekjur og útgjöld á komandi ári. Fari svo, að hann seinna á árinu þykist þurfa að gera stórbreytingar á því, sem ákveðið hafði verið, leggur hann þær undir úrskurð læknisins og yfirstjórnarinnar.

9. gr.

Hann heldur dagbók og brjefabók, sem yfirstjórnin gefur gildi, og hagar yfirleitt bókfærslu sinni eptir því, sem yfirstjórnin segir fyrir.

10. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hann senda yfirstjórninni skýrslu um rekstur spítalans á liðna árinu.

85

11. gr.

Hann sjer um jarðarför holdsveikra manna, þeirra er deyja á spítalanum og tilkynnir hlutaðeigendum látið.

12. gr.

Ef einhver sjúklingur á spítalanum óskar sjer prestsþjónustu, lætur ráðsmaður sækja prest spítalans. Nú vill holdsveikur maður í spítalanum ráðstafa eigum sínum, skal þá ráðsmaður, ef unnt er, sjá um, að það sje gert skriflega og í læknisviðurvist.

13. gr.

Með 6—sex mánaða — fyrirvara getur spítalastjórninsagt ráðsmanninum upp vistinni, eða hann sagt sig úr henni.

14. gr.

Ráðsmanni ber að setta sig við breytingar, er gjörðar kunna að verða á þessu erindisbrjefi eða viðbætur við það.

Reykjavík, 10. septbr. 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

86

## Erindisbrjef

handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi.

1. gr.

Hún tekur við öllum vistum, sem ráðsmaður kaupir handa spítalanum, vegur þær eða mælir og lætur ráðsmanni í tje viðtökuskírteini.

2. gr.

Hún gerir mat dag hvern handa hinum holdsveiku og þjónum spítalans eptir matskrá þeirri, er hún fær frá ráðsmanni deginum áður; henni ber að hafa matinn til algerðan, útveginn og mældan handa hinum holdsveiku, á hinum tilteknu matmálstímum.

3. gr.

Hún sér um að eldhús og matbúr spítalans sjeu jafnan vel þrifuð.

4. gr.

Hún skal gæta alls sparnaðar að því er mat og matvæli snertir; allar matleyfar skal hún geyma á tilteknum stað og ekki má hún fleygja eða farga neinu matartagis öðruvísi en eptir skipun ráðsmannsins.